

hitans. Enn fremur skal stofnunin í samvinnu við iðnaðarráðuneytið gera úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Í þessu skyni skal heimilt á þessu tímabili að verja allt að 10 millj. kr. árlega af þeirri fjárveitingu sem ákveðin er til niðurgreiðslu rafhitunar.

Gjört á Bessastöðum, 8. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Alþjóðlegt viðskiptafélag getur fengið heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, og semja og birta ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.